

Samruni Alfa framtaks ehf., Umbreytingar II slhf., AU 24 ehf. og Reykjafells ehf.

1. Þann 24. ágúst 2023 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup AU 24 ehf. (hér eftir „AU 24“) á 90% hlutafés Reykjafells ehf. (hér eftir „Reykjafell“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 5. og 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Með bréfi dags 6. september 2023, upplýsti Samkeppniseftirlitið að nefnd samrunatilkynning teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða 25. ágúst 2023. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna og fyrri ákvarðana eftirlitsins.
2. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Með fyrirnefndum kaupum Eignast AU 24 90% hlutafjár í Reykjafelli. Samkeppniseftirlitið telur að í þessum kaupum felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
3. Í samrunaskrá kemur eftirfarandi fram varðandi starfsemi samrunaaðila og þeirra félaga sem falla undir samstæður fyrirtækjanna:
 - a) AU 24 er eignarhaldsfélag en félagið hefur ekki haft með höndum neinn rekstur frá því að það var stofnað og á ekki eignarhluti í öðrum félögum. Skráður tilgangur kaupanda er fjárfestingarstarfsemi, einkum kaup, sala, eignarhald og önnur umsýsla verðbréfa, annarra fjármálagerninga og einkahlutafélaga, fjárfesting í fyrirtækjum og í hlutum og öðrum fjármálagerningum útgefnum af þeim, rekstur eignarhaldsfélaga, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. AU 24 er eignarhaldsfélag, stofnað árið 2023,
 - b) Alfa Framtak ehf. (hér eftir „Alfa Framtak“) er óháður rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem leggur áherslu á framtaksfjárfestingar og starfar samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Alfa Framtak rekur tvo framtakssjóði, Umbreytingu I slhf. (hér eftir „Umbreyting I“) sem er fullfjárfestur 7 milljarða króna sjóður og Umbreytingu II slhf. (hér eftir „Umbreyting II“) sem er 15 milljarða sjóður sem hóf starfsemi sína 1. apríl 2022. Eignarhaldi á Umbreytingu II er dreift og enginn einn aðili fer með yferráð yfir sjóðnum á grundvelli eignarhlutdeildar eða annarra samninga.
 - c) Umbreyting I fer með bein yferráð yfir fimm dótturfélögum, AU 1 ehf., AU 2 ehf., AU 3 ehf., AU 4 ehf. og INVIT ehf. (áður AU 5 ehf.), sem eru öll sjálfstæðir lögaðilar. Umbreyting I fer



síðan með óbein yferráð yfir eftirfarandi félögum: Borgarplast ehf. (100%), GB501 ehf. (100%), Málmsteypa Þorgríms Jónssonar ehf. (100%), Grafa og Grjót ehf. (57%), Bál ehf. (75%), Solvent ehf. (60,19%), Greiðslumiðlun Íslands ehf. (37,23%), Motus ehf. (37,23%), Greiðslumiðlun ehf. (37,23%), Slæður ehf. (37,23%), Lausafé ehf. (37,23%) og Faktoría ehf. (35,74%). Umbreyting I hefur jafnframt fjárfest í Travel Connect hf. Dótturfélög Travel Connect hf. eru Iceland Travel ehf., Terra Nova ehf., Nordic Visitor Sweden AB, Nordic Visitor UK Ltd., Nordic Visitor ehf. og Land og Lóðir ehf., sem á félagið MagmaHótel ehf. AU 1 ehf. á 26,2% af hlutfé Travel Connect og fer þar að leiðandi ekki með yferráð yfir því eða dótturfélögum þess.

- Borgarplast ehf., sem er undir yferráðum AU 2 ehf., er framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á plastvörum til að nota í sjávarútvegi og byggingariðnaði.
 - Starfsemi Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf., sem er undir yferráðum AU 3 ehf., felst fyrst og fremst í framleiðslu og sölu á vörum úr grájárni og steypujárni. Uppistaða framleiðslunnar eru rekstrarvörur fyrir stóriðju, þ.e. járnsteyptar rekstrarvörur tengdar aftöppun og ofnarekstri, sem og brunnlok fyrir gatnagerð.¹
 - Starfsemi Gröfu og Grjóts ehf., sem er undir yferráðum INVIT ehf., felst fyrst og fremst í hverskyns jarðvegsvinnu og framkvæmdum, t.d. fleygun, fyllingu, gröfuvinnu, grjótröðun, þjöppun og lóðalögun. Það kemur einnig að efnissölu og snjómokstri, en það er óverulegur hluti af heildarstarfsemi félagsins.²
 - Starfsemi Greiðslumiðlunar Íslands ehf. og tengdra félaga felst í alhliða kröfujónustu fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök, þ.m.t. innheimtu, fjármögnun og kaupum viðskiptakrafna. Tilgangur félagsins Slæður ehf. er hins vegar að halda utan um fasteignir í eigu Greiðslumiðlunar Íslands.³
- d) Umbreyting II fer með bein yferráð yfir fimm dótturfélögum, AU 21 ehf., AU 22 ehf., AU 23 ehf., AU 24 ehf. og AU 25 ehf. Umbreyting II fer síðan með óbein yferráð yfir eftirfarandi félögum: Origo hf. (64,27%), Unimaze ehf. (38,56%), Tölvutek ehf. (51,42%), Syndis ehf. (64,27%), Eldhaf ehf. (44,99%), Hótel hamar ehf. (50%) og Hótel Höfn ehf. (100%). Til viðbótar við ofangreind félög undir yferráðum Umbreytingar II, þá hefur sjóðurinn fjárfest í gegnum dótturfélag sitt, AU 21, í 28% hlut í Thor Ice Chilling Solutions ehf. Þá á Origo hf. jafnframt tvö dótturfélög sem staðsett eru í Svíþjóð, þ.e. Application Consulting Sweden Holding AB og Application Consulting Sweden AB.
- AU 23 ehf. er eignarhaldsfélag sem festi nýlega kaup á félögunum Hótel Höfn ehf. og Hótel Hamri ehf. Samkeppniseftirlitið samþykkti samruna í tengslum við framangreint í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 20/2023, samruni Umbreytingar II slhf., AU

¹ Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 43/2019, samruni Sjóðsins AU 3 ehf. og Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf.

² Sjá ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins í málum nr. 26/2021, kaup AU 5 ehf. á 60% hlut í Gröfu og grjóti ehf. og nr. 9/2022, samruni Gröfu og grjóts ehf. og Steingarðs ehf.

³ Sjá ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins í málum nr. 21/2019, kaup AU 4 ehf. á hlutfé í Bál ehf. og Solvent ehf. – breytt yferráð yfir Motus og tengdum félögum og nr. 39/2019, samruni Greiðslumiðlunar Íslands ehf. og Faktóriu hef.



23 ehf. og Hótel Hafnar ehf. og nr. 21/2023, samruni Umbreytingar II slhf., AU 23 ehf. og Hótel Hamars ehf.

- Origo hf., sem er undir yfirráðum AU 22 ehf., er þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni sem býður upp á þríþætt framboð. Rekstrarþjónustu og innviði, hugbúnað og notendabúnað. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 3/2023, *yfirtökutilboð Alfa Framtaks á Origo*, kom fram að félögin Unimaze ehf., Tölvutek ehf., Syndis ehf. og Eldhaf ehf. voru dótturfélög Origo.
- e) Skráður tilgangur Reykjafells er heildverslun, umboðssala, inn- og útflutningur, kaup, sala og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Félagið rekur heildverslun sem býður upp á heildarlausnir á sviði raf- og lýsingarbúnaðar á fyrirtækjamarkaði. Félagið er með höfuðstöðvar í Reykjavík en rekur einnig útibú á Akureyri.
4. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Starfsemi hins yfirtekna félags Reykjafells lýtur alfarið að rekstri heildarverslunar sem býður upp á heildarlausnir á sviði raf- og lýsingarbúnaðar á fyrirtækjamarkaði. Í samrunaskrá vísa samrunaaðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 2/2017, *Samruni Jóhann Rönnung og Efnasölu G.E. Jóhannssonar ehf.* þar sem talið var að innflutningur og dreifing raflagnaefna, rafvara og skyldra vara væri undirmarkaður alhlíða byggingavörumarkaðarins. Starfsemi Reykjafells tilheyrir að mati samrunaaðila því slíkum undirmarkaði fyrir raflagnaefnis og rafvara sem falli undir markað fyrir byggingavörur á Íslandi. Samkeppni á framangreindum markaði sé virk að mati samrunaaðila en helstu keppinautar eru Johan Rönnung ehf., S. Guðjónsson, Ískraft (Húsasmiðjan), Smith & Norland og Jóhann Ólafsson & Co.
5. Þar sem ekki er skörun í starfsemi samrunaaðila eða félaga í samstæðu þeirra, né er kaupandi að taka yfir starfsemi fyrirtækis sem framleiðir og/eða selur aðföng fyrir starfsemi hins, sé hvorki um láréttan né lóðréttan samruna að ræða að mati samrunaaðila. Ljóst sé því að fjárfesting og kaup Alfa framtaks og AU 24 á Reykjafelli teljist til samsteypusamruna í samkeppnisréttarlegum skilningi samkvæmt lýsingum í samrunaskrá.
6. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki þörf á því að skilgreina formlega einstaka undirmarkaði í ákvörðun þessari þar sem samrunaaðilar starfa ekki á sama markaði og það hefur ekki áhrif á niðurstöðu samrunamálsins.
7. Í samrunaskrá kemur fram að með vísan til takmarkaðrar markaðshlutdeildar samrunaaðila telji þeir áhrif samrunans takmörkuð ef nokkur á framangreindum undirmarkaða raflagnaefnis og rafvara. Að sama skapi sé ljóst að samruninn komi ekki til með að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu. Samkeppniseftirlitið tekur undir að um sé að ræða svokallaðan samsteypusamruna þar sem samrunaaðilar starfi ekki á sama markaði. Samkeppnisleg áhrif skapast því ekki vegna aukinnar samþjöppunar eða láréttra áhrifa. Þá er ekkert í fyrirliggjandi gögnum sem bendir til þess að skaðleg lóðrétt áhrif eða samsteypuáhrif leiði af samrunanum sem raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti og gefi tilefni til íhlutunar. Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til frekari rannsóknar né sé nauðsynlegt að aðhafast frekar vegna þessa samruna. Lýkur málinu því á fyrsta fasa samrunarannsóknar.



I. Ákvörðunarorð

„Kaup AU 24 ehf. á Reykjafelli ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson